



Ljósmynd: Mummi Lú.

Konungarsveitaballanna fögnuðu

Hljómsveitin Skítamóral létu smíða pulsuvagn frá Bæjarins bestu í anddyrinu og margt fleira var gert í tilefni áfangans. Enda ekkert eins mikið „Selfoss“ og ein með öllu eftir gott ball.

Beggi í Sóldögg sótti gítarleikarann sinn

Gestir hljómsveitarinnar voru ekki af verri endanum. Bergsveinn „Beggi í Sóldögg“ Árelússon opnaði gestalistann og söng lag með strákunum en um leið líka lagið Sóldaggarlagið „Svört Sól“ en Gunnar II eða Gunnar Þór Jónsson í Skítamóral spilar með Skítamóral á láni frá Sóldögg og hefur gert í 15 ár. Þá bar til tíðinda þegar Kristján Gíslason, annar bakradda tónleikanna, steig fram og hann og Gunnar Ólason forsöngvari tóku Birtu eða Angel, framlag Íslands í Eurovision árið 2001 en það hafa þeir félagar ekki gert saman á sviði síðan þá.

Sviðsstjóri gerði allt vitlaust

Viktor „Rót“ Hólm Jónmundarson sviðsstjóri steig fram og

söng hinn goðsagnakennda slagara „Þegar ykkur langar“ en lagið var „felug“ á vinsælustu plötu hljómsveitarinnar „Nákvæmlega“ sem kom út vorið 1998. Viktor hóf feril sinn með Skítamóralstrákunum en í dag er hann eftirsóttasti sviðsstjóriinn í bransanum og varla að Bubbi Morthens fari út í Hagkaup án þess að taka hann með.

Patr!k Atla setti allt upp í loft

Það ætlaði svo allt um koll að keyra undir lokin þegar Patr!k „PBT“ Atlason hljóp fram á sviðið í lagið „Ennþá“. Það á sér um það bil 20 ára forsögu því í janúar 2024 söng hann þetta lag í Morgunsjónvarpi Stöðvar 2, þá aðeins 10 ára. Rúmum 20 árum síðan deildi þessi skærasta poppstjarna samtímans í dag sviðinu með Skítamóral. Eftir „Ennþá“ var svo talið í „Skína“ lag ársins 2023 á Íslensku tónlistarverðlauninum og mest spilaða íslenska lagið á Spotify það árið og eitt mesta spilað lagið þar árið 2024.



Marína Ósk hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin

Tónlistarkonan Marína Ósk vann á dögnum Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir besta söng í djassflokki, en Marína er búsett á Eyrarbakka. Þetta var í annað sinn sem verðlaunin falla henni í skaut, en árið 2022 hlaut hún verðlaunin fyrir lagið *The Moon and the Sky* sem valið var djasstónverk ársins.

„Þetta kom skemmtilega á óvart en ég hafði ekki gert mér háleitar vonir! Ég er gríðarlega þakklát þeim sem ég var nógu heppin að leika tónlist með á síðasta ári, og er mikill aðdáandi þeirra djasssöngkvenna sem einnig voru tilnefndar,“ segir Marína Ósk.

Marína Ósk rekur, ásamt kærasta sínum, viðburðafyrirtækið MX VERKEFNI, en undir þeim merkjum hlutu

þau nýlega styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands fyrir tónleikaröð sem þau hyggjast halda næstkomandi haust. Á tónleikunum, sem munu fara fram heima í stofu þeirra skötu hjú á Eyrarbakka, mun Marína taka á mótí þekktum íslenskum söngvaskáldum og saman munu þau leika frumsamda tónlist beggja, ásamt sígildum lögum sem allir þekkja inn á milli. Hugmyndin er að halda hlýlega tónleika með áherslu og nánd við áhorfendur, söngustund og ljúfa tónlist.

Marína Ósk leggur nú loka hönd á útgáfu þriðju breiðskífu sinnar sem væntanleg er í lok mánaðar. „Þessi plata er eilítið frábrugðin fyrri útgáfum en ég er rosalega spennt fyrir að koma kenni út í kosmósinn.“



Fáðu fagmann í verkið



PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir



Gagnheiði 26, Selfoss ■ 480 3300 ■ www.tris.is



Eitt glæsilegasta kökuhlaðborð landsins í Hveragerði

Í gömlu gróðurhúsi í Hveragerði er veitingastaðurinn Rósakaffi. Hann hefur í mörg ár boðið upp á fjölbreytt matarúval þar sem hægt er að fá hefðbundinn sjoppumat hvenær sem er á opnunartíma og heimilismat í hádeginu. Einna vinsælast í Rósakaffi er eitt glæsilegasta kökuhlaðborð landsins sem boðið hefur verið upp á á nánast hverjum sunnudegi frá 2022.

Eins og að koma í fermingarveislu um 1980-1990

Venjulega eru um 17-20 tegundir af kökum og tertum á hlaðborðinu. Sumar eru alltaf og svo eru aðrar sem skiptast á.

Vinsælasta tertan er líklega marengsbomban en fast á hæla hennar er gamaldags peruterta. „Sú sem hefur vakið hve mesta athygli er samt líklega rúgbraustertan en það er mjög misjafnt hvort fólk þekki hana en hún er í miklu uppáhaldi hjá okkar fjölskyldu,“ taka hjónin fram.

Hjónin segja að oft skapist líflegar umræður á hlaðborðunum því að fólk tengi mjög sterkar tilfinningar við sumar af tertunum. „Mörgum finnst þeir komnir aftur í fermingarveislu um 1980-1990 og terturnar einhvern veginn kalla fram tilfinningar og minningar tengdar þeim árum. Okkur þykir afar vænt um það því það er einmitt það sem við vonuðumst til.“

Skipuleggja hlaðborðið alla vikuna

Í upphafi ætluðu Jóna og Guðmundur bara að prófa og kanna viðbrögðin við svona hlaðborði og gefa því sumarið en viðbrögðin voru það góð að það var ekki hægt að hætta. „Við höfum því haft kaffihlaðborð alla sunnudaga allt árið nema rétt yfir verstu vetrartíðina þegar veður og færð eru hvað mest að stríða,“ segja hjónin og segjast ekki vita til þess að fleiri staðir séu að bjóða upp á eins flott kökuhlaðborð.

Aðspurð að því hversu langan tíma það taki að undirbúa svona hlaðborð segjast hjónin alltaf vera í undirbúningi fyrir það. „Um leið og við lokum á

sunnudegi erum við farin að skipuleggja það næsta. Það þarf að ákveða tegundir, panta inn og þræða verslanir eftir því sem þarf til. Svo tekur við bakstur en við byrjum oft að baka botna á fimmtudögum. Sumar tertur þarf að setja á daginn áður og aðrar er betra að setja á eins seint og hægt er. Við erum t.d. alltaf að skreyta brauðtertunum og sprauta rjóma rétt fyrir opnun á hlaðborðinu. Það getur alveg verið stressandi en þetta smellur einhvern veginn alltaf saman,“ segja hjónin.

Næsta hlaðborð á sumardaginn fyrsta

Fyrir utan sunnudaga hafa Jóna og Guðmundur haft aukahlaðborð inn á milli á ákveðnum hátföisdögum.

Næsta kaffihlaðborð verður sumardaginn fyrsta kl. 13-17. „Það er alltaf gaman að fagna sumri í Hveragerði og alveg skothelt plan að kíkja í Garðyrkjuskólann, næla sér í sumarblóm í Garðplöntusölu Borg og smella sér svo í hnallþórurnar á Rósakaffi,“ segja Jóna og Guðmundur.

Vinsældir hlaðborðsins hafa aukist jafnt og þétt og aðsóknin er orðin þannig að það borgar sig að bóka borð fyrir fram til að vera viss um að komast að.

„Fyrsta kaffihlaðborðið var 26. júní 2022 og því eru þetta að nálgast þrjú ár sem við höfum verið í þessu. Hlaðborðin eru því komin vel á annað hundruðið. Þetta er með því skemmtilegasta sem við fjölskyldan gerum svo við höldum áfram á meðan við erum með Rósakaffi,“ segja Jóna og Guðmundur að lokum.

E.H.J.



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Aðalsafnaðarfundur

Þorláks- og Hjallasóknar á árinu 2025 verður haldinn í Þorlákaskirkju mánudaginn 28. apríl og hefst hann kl. 20:00.

Dagskrá fundarins:

1. Setning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla sóknarnefndarformanns um liðið starfsár
4. Lagðir fram til afgreiðslu ársreikningar sóknar og kirkjugarða fyrir sl. ár ásamt fjárhagsáætlun þessa árs
5. Greint frá starfssemi héraðsnefndar og héraðsfundar
6. Kosningar
7. Önnur mál

Sóknarnefnd Þorláks- og Hjallasóknar



Ársfundur 2025

Ársfundur sjóðsins verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 28, mánudaginn 5. maí 2025 og hefst kl. 18:00.

Dagskrá fundar:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
- Önnur mál

Í stjórn sjóðsins eru:

Eyrún Jana Sigurðardóttir, formaður
Sigurður Ólafsson, varaformaður
Halldór Kristinsson
Kristín Magnúsdóttir
Silja Eyrún Steingrimsdóttir
Þór Hreinsson

Framkvæmdastjóri:

Gylfi Jónasson



Sameinaður Lífeyrissjóður Suðurlands, Suðurnesja og Vesturlands

	2024	2023
Breytingar á hreinni eign:		
Iðgjöld	17.884	16.448
Lífeyrir	-8.427	-7.480
Hreinar fjárfestingatekjur	30.777	19.714
Rekstrarkostnaður	-470	-456
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris	39.764	28.227
Hrein eign frá fyrra ári	280.214	251.987
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	319.978	280.214
Efnahagsreikningur:		
Eignahlutir í félögum og sjóðum	167.193	146.295
Skuldabréf og aðrar fjárfestingar	143.548	126.540
Fjárfestingar	310.741	272.834
Kröfur	4.617	3.198
Innlán og aðrar eignir	4.817	4.347
Viðskiptaskuldir	-197	-166
Annað	9.237	7.380
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	319.978	280.214
Ýmsar kennitölur		
Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar	10,6%	7,5%
Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar	5,6%	-0,5%
Hrein raunávöxtun, meðaltal síðustu fimm ára	2,8%	3,7%
Hrein raunávöxtun, meðaltal síðustu tíu ára	4,1%	4,2%
Tryggingafræðileg staða	0,2%	-4,4%

* fjárhæðir í milljónum króna

Ársfundurinn er opin öllum sjóðfélögum en einnig verður hægt að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu meðan á honum stendur. Þeir sjóðfélagar sem hyggjast nýta sér það eru beðnir um að skrá sig á festa@festa.is í síðasta lagi kl. 12 á aðalfundardegi og fá þá uppgefna slóð til að tengjast.

Ávöxtun séreignardeildar 2024

Hrein eign séreignardeildar nam 1.867 milljónum króna í árslok 2024, þ.a. námu eignir sparnaðarleiðar II 1.656 milljónum króna. Hrein nafnávöxtun sparnaðarleiðar I, sem hóf starfsemi á miðju ári 2018, nam 8,8% eða 3,8% í hreina raunávöxtun. Sparnaðarleið II skilaði 14,4% í hreina nafnávöxtun eða 9,2% í hreina raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sparnaðarleiðar II undanfarin tíu ár er 2,9%.

Sími: 420 2100 - netfang: festa@festa.is



STJÓRNANDI VINNUSKÓLANS

Grímsnes- og Grafningshreppur auglýsir eftir öflugum og jákvæðum stjórnanda í fjölbreytt og skemmtilegt sumarstarf við vinnuskóla sveitarfélagsins. Þetta er fullt starf frá maí til loka júlí með möguleika á framlengingu. Starfið hentar vel fyrir einstakling sem hefur reynslu af því að leiða hópa og vill taka þátt í uppbyggilegu starfi með ungmennum.

Helstu verkefni:

- Umsjón og dagleg verkstjórn með ungmennum í vinnuskólanum.
- Skráning og utanumhald vinnuskýrsla.
- Almenn umhirða lóða og opinna svæða, t.d. við skólalóðir og íþróttasvæði.
- Tilfallandi verkefni í áhaldahúsi og á gámasvæði sveitarfélagsins.

Hæfniskröfur:

- Góð skipulagshæfni og geta til að vinna sjálfstætt.
- Lipurð í mannlegum samskiptum og jákvæð framkoma.
- Lágmarksaldur: 18 ár.
- Bílpróf er skilyrði.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku.
- Þekking á meðferð og umhirðu verkfæra er kostur.
- Reynsla af vinnu með ungmennum, kerrupróf eða vinnuvélaréttindi eru kostir.

Um vinnuskólann:

Vinnuskólinn sinnir fjölbreyttum verkefnum á sviði garðyrkju, hreinsunar og viðhalds. Verkefnin ná frá gróðursetningu og slætti yfir í málningu, lagningu hellna og annað sem tengist fegrun og viðhaldi umhverfis sveitarfélagsins. Starfsstöð er á Borg í Grímsnesi.

Umsóknarfrestur:

Umsóknarfrestur er til og með 1. maí 2025.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Ef þú ert ábyrgur einstaklingur með drifkraft og metnað til að leiða ungmenni í uppbyggilegu og skemmtilegu starfi – þá viljum við heyra frá þér!



Listin heilar

Á sumardaginn fyrsta, þann 24. apríl, mun Listasafn Árnesinga bjóða upp á samtal um listmeðferð sem titlast Art Can Heal eða List getur heilað. Ágústa Oddsdóttir, höfundur bókarinnar Art Can Heal, ræðir um ævi og störf Sigríðar Björnsdóttur, listþerapista og listakonu, en segir einnig frá eigin reynslu þegar hún sjálf sótti meðferð hjá Sigríði.

Sigríður er mikill frumkvöðull á sviði listþerapíu á Íslandi og eftirsóttur fyrirlesari víða um heim. Sigríður hóf við að móta og þróa sjálfstætt svið innan myndlistarinnar aðallega á barnaspítölum bæði hér á landi og erlendis upp úr sjötta áratugnum. Starf Sigríðar vakti mikla athygli á alþjóðavettvangi og var henni boðið á hvert

einasta barnalæknaþing víða um heim í marga áratugi að kynna starf sitt.

Í framhaldi munu listmeðferðarfræðingarnir Elísabet Lorange og Dr. Unnur Óttarsdóttir kynna störf listmeðferðarfræðinga á Íslandi í dag og þróun fagsins sem felur m.a. í sér rannsóknir Dr. Unnar á námslistmeðferð, teikningu og minni sem hafa fengið athygli innanlands og utan og eru því að hafa áhrif á heimsvísu. Elísabet og Dr. Unnur kynna einnig listmeðferðarsmiðjur sem þær munu halda á Listasafni Árnesinga síðar í sumar.

Listmeðferð er athyglisvert og áhrifaríkt meðferðarúræði fyrir fólk á öllum aldri sem fer ört vaxandi og enn fleiri sækja í sem glíma við tilfinningarlegan

vanda.

Listmeðferð er talin hafa heilandi áhrif sem m.a. dregur úr streitu, hjálpar til við að vinna úr erfiðum tilfinningum og bætir andlega vellíðan. Uppruni listmeðferðar nær aftur til snemma á 20. öld, þegar læknar, kennarar og listamenn fóru að taka eftir því að listsköpun gæti hjálpað fólki með tilfinningalegar og sálfræðilegar áskoranir. Listmeðferð var formlega viðurkennd sem meðferðarúræði á fjórða áratugnum, sérstaklega í Bandaríkjunum og Bretlandi.

Allir eru velkomnir á þetta spjall hvort sem þeir eru listamenn, kennarar, meðferðaraðilar eða bara áhugasamir um Sigríði, fagið og hagsbætur meðferðarinnar.

Viðburðurinn er ókeypis.



Penninn Eymundsson opnar nýja 350 fermetra verslun

Töluverðar breytingar munu teiga sér stað hjá Pennanum Eymundsson á næstunni. Versluninni þeirra í miðbænum á Selfossi verður lokað og nýtt 350 metra húsnæði opnað í staðinn við Larsenstræti. Innanstokksmunir úr verslun Pennans Eymundssonar á Laugarvegi, sem verður lokað, verða nýttir í nýju versluninni. Einnig er verslun í Vík í Mýrdal fyrirhuguð í lok þessa árs eða í byrjun árs 2026.

Morgunblaðið greindi fyrst frá þessu.

Aðrar breytingar sem fyrirtækið hefur tekið er lokun á kaffihúsi Pennans/Eymundssonar á Skólavörðustíg og stokkað verður upp í fyrirkomulaginu í Austurstræti. Ingimar Jónsson

forstjóri Pennans segir fyrirtækið í sóknarhug.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 856 0673, hronn@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Við nýja húsið ágæt er, einn í plús er krumla. Blaktir hún í brjósti mér, býsna hratt um loftið fer.

Svar við gátu í blaði 2797: **SÁR**
2. lína: **Sár**, stór matartunna
4. Var matsár



Sunnlenski matgæðingurinn



Tagine með kjúklingi að hætti Marokkó

Sævar Örn Gíslason er matgæðingur vikunnar.



Sævar ásamt honum Ayat (til hægri), en hann hefur kennt Sævari mikið um Marokóska matargerð og aðferðir.

Ég vil byrja á að þakka Þóru. Ég vil þakka Jóa Vald fyrir áskorunina og það stóra skref hjá honum að deila með okkur uppskriftinni að pylsupítsunni, en þetta hefur verið leyndarmál innan hans fjölskyldu í gegnum áratugi, jafnvel aldri. En þar sem ég hef ferðast um alla Marokkó með mikinn fróðleiksþorsta um matargerð þeirra og hefðir þá er við hæfi að ég deili með ykkur uppskrift að rétti sem mér hefur fundist standa upp úr.

Tagine með kjúklingi er bragðgóður pottréttur frá Marokkó sem rífur í. Fullkominn réttur árið um kring og ótrúlega gaman að bera hann fram í Tagine-potti með loki eins og Marokkóbúar gera. Rétturinn inniheldur nokkrar tegundir af kryddum sem koma bragðlaukunum á flug og er borinn fram með hrísgrjónum. Það má bæði bera hrísgrjónin fram sér eða setja réttinn ofan á hrísgrjónabeði. Í réttinum er ein niðursoðin sítróna, ef erfitt reynist að finna hana í matvöruverslunum er ráð að útbúa sína eigin niðursoðna sítrónu. Það tekur þrjá til fjóra daga að útbúa niðursoðna sítrónu.

Hráefni:

- 1 heill kjúklingur, skorinn í 8 bita
- 2 – 3 msk. olía
- 1 laukur, skorinn í sneiðar
- 2-3 litlir hvítlaugar, t.d. þessir í körfunni, smátt skornir
- ½ msk. raspaður engifer
- 2 tsk. arabísk kryddblanda, t.d. Arabískar nætur frá Pottagöldrum
- Órlítið saffran, milli fingra
- 1 tsk. cayennepipar
- ½ msk. kúmin
- Pipar og salt eftir smekk
- 3-4 dl vatn
- 1 lúka ferskt kóríander
- 1 niðursoðin sítróna
- 5-8 stk. edamame-baunir, í

belgnum (má sleppa)
1 krukka svartar ólífur, steinlausar
Ferskt kóríander til skrauts.

Aðferð:

- Byrjið á því að skola kjúklinginn og skerjið hann í átta bita.
- Steikið kjúklinginn á þönnu í skamma stund og setjið hann síðan í þykkbotna pott.
- Setjið laukinn, hvítlauk, vatn og sítrónu ofan í pottinn.
- Blandið síðan öllum kryddunum saman við.
- Látið sjóða við vægan hita í um það bil 30 mínútur.
- Bætið þá ólífunum og edamame-bauninum saman við og látið sjóða í stutta stund í viðbót.
- Kryddið og smakið til eftir þörfum.
- Skreytið réttinn með fersku kóríander.
- Berjið fram með hrísgrjónum eða ofan á hrísgrjónabeði og njótið.

Það er afar mikilvægt að vinna réttinn með alúð og í raun skilyrði að vera búinn að fá kennslu frá innfæddum eða einhverjum sem hefur lært af þeim. Ég get tekið að mér slíka kennslu gegn vægu gjaldi.

Að lokum vil ég skora á Þóri „Konda“ Ólafsson, en hann er mikill matgæðingur og þá sérstaklega er kemur að tertugerð og bakstri alls konar. Hann hefur einmitt lengi dreymt um að opna „Konditori“ til að leyfa almenningi að njóta með bragði og augum. En terturnar hans eru algjört listaverk.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Plokkdagurinn – allir með!

Sunnudaginn 27. apríl er svokallaður Plokkdagur á Íslandi. Rótaryhreyfingin á Íslandi gengst fyrir hreinsunarátaki sem nefnist Plokkdagurinn, þar sem íbúar eru hvattir til þess að horfa í kringum sig, taka hendur úr vösum og plokka upp rusli. Það er í valdi hvers Rótaryklúbbs hvernig er staðið að þessu hreinsunarátaki. Ísland er einstaklega fallett land en við gætum staðið okkur miklu betur í því að hreinsa til í kringum okkur, það á bæði við um íbúa í þéttbýli og dreifbýli. Um þessar mundir er mikið talið um fæðuöryggi sem minnir okkur á mikilvægi landbúnaðar. Sem betur fer eru margir bændur til mikillar fyrirmyndar hvað umgengni varðar en aðrir ganga ótrúlega illa um. Rúlluplast er á girðingum, vélarusl sem hætt er að nota stingur í augun. Á sama hátt eru brotalamir í umgengninni í þéttbýli, gömul bílhæ og alls kyns drasl á víðavangi. Í umgengismálum standa frændur okkar Færeyingar sig margfalt betur en við. Það er unun um að aka um og sjá hve snyrtilegt er þar. Það er líklega of snemmt að draga fram málningardósirnar og

þensilinn en alveg þess virði að nýta þetta tækifæri til þess að taka til í kringum okkur.

Rótaryklúbbur Rangæinga tekur þátt í þessu átaki í fyrsta sinn og er það gert í samstarfi við sveitarfélög í sýslunni. Allir geta tekið þátt í þessu hreinsunarátaki, félagsamtök, fyrirtæki, stofnanir, skólar, fjölskyldur og einstaklingar. Plokkað er í nærumhverfi eða á fyrir fram ákveðnum svæðum. Stillum saman strengi, látum hendur standa fram úr ermum og tökum til í kringum okkur. Tengiliðir sveitarfélaganna Rangárþings eystra og Rangárþings ytra eru Magnús Þór Einarsson og Ösp Viðarsdóttir.

Gerum Plokkdaginn skemmtilegan og sameinumst um að gera fallega sýslu enn fegurri. Einar Bárðarson sem er Rótaryfélagi og er upphafsmaður Plokksins hér á landi segir: „Hreint land, fagurt land er gamalt og gott slagorð. Við höfum fengið það að láni í plokkið. Vertu með okkur í baráttunni við sörp í lausagangi. Virkjum nággranna og vini okkar og höldum lóðinni, götunni, hverfinu, bænum, borginni, já og landinu öllu hreinu og fínu.“ Góð hvatning það.

Ísólfrur Gylfi Pálmason,
Forseti Rótaryklúbbs
Rangæinga.



STÓRI
PLOKK
DAGURINN

MÍMIR NEMENAFÉLAG
MENNTASKÓLANS AÐ LAUGARVATNI

UMSJÓN:
ELENA R. MARQUEZ GUNNLAUGSDÓTTIR
OG ARNBJÖRG YR SIGURDARDÓTTIR

SJÓN ER SÖGU RÍKARI – FORVARNARDAGUR ML OG SVIÐSETT SLYS

SÆLIR VERIÐI KÆRU SUNNLENDINGAR.

Miðvikudaginn 9. apríl fengu nemendur Menntaskólans að Laugarvatni smá dagamun í skólanum þar sem forvarnardagurinn Ábyrg í umferðinni var þann dag. Forvarnarfulltrúi skólans, slökkviliðsmaður og ökukenningarinn María Carmen Magnúsdóttir höfðu skipulagt fróðlega og skemmtilega dagskrá fyrir daginn og fengu til liðs við sig úrvalslið sem samanstóð af Samgöngustofu, Lögreglu, Neyðarlínunni 112, Brunavörnum Árnessýslu og sjúkraflutingum. Fyrst á dagskrá voru fyrirlestrar og kom Bjarklind Björk Gunnarsdóttir frá Samgöngustofunni og ræddi um mikilvægi þess að fara varlega í umferðinni. Þar á eftir kom Hilmar Sigurjónsson ásamt Kolbrúnu Evu Haraldsdóttur Gränz frá Lögreglu Suðurlands og var þriðji og síðasti fyrirlesturinn frá Sigríði Helgu Ástþórsdóttur sem kom frá Neyðarlínunni 112.

Eftir fyrirlestrana var leikið neyðarsímtal sýnt og fóru svo allir út á skólaplanið þar sem var sviðsett bílslys. Þar fengu nemendur að fylgjast með þegar viðbragðsaðilar koma að slyssastað og Arndís Soffía Sigurdardóttir frá samfélagslögreglunni lýsti atburðarásinni fyrir nemendum. Fyrst mættu Hilmar og Kolbrún frá lögreglunni til að kanna stöðuna, þar á eftir fylgdu Bjarni Dan, Eyjólfur Jónsson, Jón Snæbjörnsson og María Carmen Magnúsdóttir frá Brunavörnum Árnessýslu og hófust handa við að klippa út farþega sem fastur var inni í bílnum. Næst komu sjúkraflutningamenn frá HSU, þeir Arnar Högni og Sævar Kristjánsson, og hlúðu að slösuðum. Nemendur sáu um leik og smink fórnarlamba í slysinu með glæsibrag og að loknum björgunaraðgerðum fóru allir aftur inn í skólann og var opnað fyrir spurningar til viðbragðsaðila.

Sem hluti af umferðarfræðslu fyrir framhaldsskólanemendur var þessi dagskrá haldin í annað sinn og er stefnt að því að hún verði að minnsta kosti á þriggja ára fresti með það markmið að nemendur sýni ábyrgð í umferðinni og þannig fækki umferðaróhöppum og slysum þar sem það er mikil ábyrgð fólgin í því að aka og vera hluti af umferðinni.

Elena R. Marquez Gunnlaugsdóttir,
ritnefndarformaður nemendafélagsins Mímis.



AUGLÝSING

um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu



Sveitarfélagið Bláskógabyggð auglýsir eftir aðilum til að nýta lóð innan Biskupstungnaafréttar. Lóðin sem um ræðir er við Skálpanes L238157 sbr. deiliskipulag dags. 06.04.2020. Á lóðinni eru aðstöðuhús fyrir ferðamann og aðstöðuhús fyrir starfsmenn í einkaeigu. Sú kvöð fylgir lóðinni undir fjallaselinu að leigutaka er skylt að leysa til sín öll mannvirki á henni óski eigendur þeirra eftir því.

Umrætt svæði er á þjóðlendu (Biskupstungnaafrétti) skv. úrskurði óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 í máli nr. 4/2000. Í ljósi þess þarf leyfi sveitarfélagsins Bláskógabyggðar til að nýta land og landsréttindi á svæðinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendu og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og áfrétta. Jafnframt þarf samþykki forsætisráðuneytisins þar sem umrædd nýting á að vara lengur en til eins árs, sbr. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.

Skilmálar sem einkum verður litið til við ákvörðun um leyfisveitingu á umræddu svæði eru eftirfarandi. Ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum ef það metur umsóknir ekki fullnægjandi og uppfylli ekki markmið sveitarfélagsins vegna lóðarinnar.

- þekking viðkomandi aðila á þessu svæði,
- hvernig viðkomandi hyggst nýta lóðina í þeim tilgangi að hafa þar þjónustu fyrir ferðamenn og aðra sem eiga leið um svæðið,
- frágangur mannvirkja og annarrar starfsemi. Sveitarfélagið mun sérstaklega líta til þess að frágangur verði með þeim hætti að samræmist landslagi vel og stingi ekki í stúf við umhverfið að öðru leyti,
- þekking og reynsla viðkomandi aðila af rekstri gisti- og afþreyingarþjónustu, s.s. gistihúsa, fjallasála eða annarrar þjónustu við ferðamenn á miðhálandinu,
- reynslu af gerð og viðhaldi göngustíga og annarra ferðapjónustutengdra mannvirkja,
- upplýsingar um gæða- og öryggiskerfi viðkomandi aðila, þar á meðal upplýsingar um öryggisáætlun eða drög að slíkri áætlun. Í slíkri áætlun skulu m.a. vera eftir því sem við á, viðbragðsáætlanir vegna jöklaferða og ferða í íshella, sem taka m.a. til slysa á fólki, falls í jökulsprungu, atviks ef farþegi verður viðskila við hóp, hruns í íshelli, súrefnisþurrðar í íshelli og CO₂/CO eitrunar í íshelli,
- hvernig viðkomandi aðili hyggst lágmarka álag á umhverfið, þar á meðal upplýsingar um umhverfismarkmið, skipulag orku- og efnanotkunar, viðbrögð við mengunaróhöppum og um meðferð og geymslu á eldsneyti, olíu og olíuúrgangi,
- hvað viðkomandi aðili vill greiða háa leigu fyrir notkun á umræddum reit og til hversu langs tíma. Sveitarfélagið mun í ljósi samkeppnisjónarmiða leitast við að fá markaðsverð fyrir leigu á umræddu svæði og að leigutími sé ekki til lengri tíma en 25 ára. Lágmarksleiga er kr. 2.000.000 á ári og verður leiguverð bundið vísitölu neysliverðs.

Upplýsingar um deiliskipulag svæðisins má nálgast hjá skipulagsfulltrúa á skrifstofu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., Hverabraut 6, Laugarvatni, og á vefslóðinni <http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?numer=15662>.

Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið umsókn um nýtingu á umræddu svæði þar sem fram koma upplýsingar um það hvernig umsækjandi uppfyllir framangreinda skilmála og hugmyndir umsækjanda um leiguverð og nýtingu svæðisins. Umsókn skal senda til sveitarfélagsins Bláskógabyggðar, eigi síðar en 9. maí nk. á netfangið asta@blaskogabyggd.is. Frekari upplýsingar veitir sveitarstjóri Bláskógabyggðar í síma 480-3000. Netfang sveitarstjóra er asta@blaskogabyggd.is.

Bláskógabyggð
Aratungu, Reykholti
806 Selfoss

Úr 1,7 milljón króna tapi í 1,8 milljón króna rekstrarafgang á þremur árum

Aðalfundur Umf. Heklu á Hellu fór fram 9. apríl sl. Fundurinn var vel sóttur en fundargestir voru rúmlega 40. Veittar voru viðurkenningar fyrir árangur í íþróttum og var Þorbjörg Helga Björgvinsdóttir valin bjartasta vonin vegna árangurs í frjálsíþróttum og Gísli Guðnason efnilegasti íþróttamaður ársins vegna árangurs í körfubolta.

Velta félagsins var um 16,1

milljón króna og var rekstrarafkoma jákvæð upp á um 1,8 milljónir króna, samanborið við 500 þúsund krónur árið áður.

Nýja stjórn félagsins skipar Ástþór Jón Ragnheiðarson formaður. Aðrir í stjórn eru Dóra Steinsdóttir, Kristinn Ingi Austmar Guðnason, Gunnlaugur F. Margrétarson og Ína Karen Markúsdóttir. Varamenn eru Gunnar Aron Ólason og Helgi S. Haraldsson.



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 41. Gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru eftirfarandi deiliskipulagstillögur auglýstar:

Steinar 1 og Hvassafell - nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til 1274 ha svæðis við Hvassafell II og Steina 1. Gert er ráð fyrir 100 gistiskálum í 4-5 húsa klösum, 200 herbergja hótél við Þjóðveg 1, 120 herbergja hótél sunnar á svæðinu ásamt baðlóni. Einnig er gert ráð fyrir 15 starfsmannaíbúðum og fjölorkustöð. Heildar byggingarmagn er fyrir svæðið er 35.610 m² en hámarkshæð húsa fer frá 5 til 9 m. Aðkomuleiðum hefur verið breytt frá fyrri tillögu.

Stóra-Mörk 3d og 3b - nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til lóðanna við Stóru-Mörk 3D, L236887 og Stóru-Mörk 3B, L224421 í landi Stóru-Markar og er 3,8 ha svæði. Gert er ráð fyrir þremur byggingarreitum, B1 verður fyrir íbúðarhúsi með bílskúr, hámarksbyggingarmagn er 250 m² og hámarkshæð er 7 m. Á B2 eru tvö gistihús sem eru hvort um sig 176,2 m² en innan reitsins er gert ráð fyrir allt að tíu 45 m² gestahúsum til útleigu. Á byggingarreit B3 er 361,8 m² íbúðarhús en með tillögunni verður heimilt að stækka húsið upp í 450 m² og 150 m² skemmu.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa við Austurveg 4 á Hvolsvelli á viðtalstíma frá kl. 8:30 til 10:00. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur frá 15. apríl til og með 30. maí 2025. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Þóra Björg Ragnarsdóttir

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra

Markmiðið að gera félagið stöðugt fjárhagslega

Ástþór Jón er að fara inn í þriðja árið sitt sem formaður félagsins. Áður en hann tók við sem formaður var fjárhagur félagsins mjög þröngur og rekstrarfyrirkomulagið ekki sjálfbært að hans sögn. „Þá hafði rekstrarárið 2021 skilað 1,7 milljón króna tapi og árið 2022 var aðeins 5 þúsund króna rekstrarafgangur,“ segir Ástþór í samtali við Dagskrána.

„Ég myndi segja að andinn og fólkið hafi verið til staðar en það vantaði að gera rekstrareininguna Umf. Heklu stöðugri og skipulagðari,“ bætir hann við.

„Við fórum í nokkuð margar og fjölbreyttar ráðstafanir til þess að breyta fjárhagsstöðu félagsins. Markmiðið okkar var ekki bara að koma félaginu réttu megin við núllið, heldur líka að gera það stöðugra til lengri tíma og koma upp betra skipulagi.“

Fyrsta aðgerðin sem ráðist var í var að óska eftir heimild frá sveitarfélaginu til þess að nýta vegg í íþróttahússins undir auglýsingaskilti. Það var samþykkt og í kjölfarið var leitast eftir samstarfi við fyrirtæki sem vildu auglýsa sína starfsemi og styðja við starfið. „Ég er afar stoltur af því að segja að í dag eru 14 fyrirtæki sem eru styrktaraðilar Umf. Heklu á ársgrundvelli, með skiltum í íþróttahúsi eða á búningum,“ tekur Ástþór fram.

„Við létum framkvæma for-eldrökönun sem leiddi í ljós að hlutfall þeirra sem höfðu greitt æfingagjöld var aðeins tæplega 70% af þeim sem voru að æfa hjá félaginu. Farið var í átak við að fólk myndi skrá börnin sín, sem skilaði einnig meiri tekjum,“ bætir hann við.

Ungmennafélagið Hekla og sveitarfélagið hafa um árabil verið með þjónustusamning og vildi svo til að hann var að renna út um áramótin 2023. „Við höfum alltaf verið þakklát stuðning sveitarfélagsins en töldum þó að betur mætti ef duga skyldi og með nýjum þjónustusamningi var framlag sveitarfélagsins til Umf. Heklu sett í meira samhengi við þá þjónustu sem félagið er að sinna, kvæðir sem voru á félaginu umfram önnur félög voru teknar úr samningum og hvetjandi ákvæði voru sett, t.d. bónusgreiðslur fyrir landsliðs-sæti,“ segir Ástþór.

Betra að starfa í vinnuumhverfi þar sem allt er á hreinu

Ástþór segir að það megi heldur ekki vanmeta það að ný stjórn tók þá ákvörðun árið 2023 að allir hjálfarar félagsins yrðu launþegar, störfuðu eftir kjarasamningi, greiddu í lífeyrisgjöld og stéttarfélag. „Þó svo að það sé ekki eiginleg tekjuöflunaraðgerð þá er það betra starfsumhverfi fyrir hjálfarar sem gerir það að verkum að hjálfarar sækjast mögulega frekar eftir því að vinna hjá félaginu. Ég held að allir geti tengt við það að það sé

betra að starfa í vinnuumhverfi þar sem allt er á hreinu.“

Hann segir þessa breytingu hafa bætt tekjuöflunarmöguleika. Þegar starfsmenn sækja námskeið og fræðslu er hægt að sækja um í fræðslusjóði atvinnulífsins vegna þess að öllum iðgjöldum er skilað. „Það er til mikils að vinna fyrir íþróttafélög að búa þannig um sitt starfsfólk að það njóti sambærilegra kjara og gengur og gerist á vinnumarkaði,“ segir Ástþór.

Félagið hefur verið öflugt í dósatalningum og öðrum tillfallandi fjárföllum. „Það var engin ein töfralausn sem renndi sterkari stöðum undir fjárhaginn, en margt smátt gerir á endanum eitt stórt,“ segir Ástþór.

Íþrótt- og ungmennafélög ein af innviðum samfélagsins

Í dag eru iðkendur Umf. Heklu um 150 talsins. Boðið er upp á frjálsíþróttir, línuskauta, körfubolta, fimleika og borðtennis fyrir börn í 1-10 bekkjum grunnskólans. Einnig eru komnar af stað frjálsíþróttæfingar fyrir iðkendur á framhaldsskólaaldri og iðkað er kvennablað í sameiginlegu liði Heklu/Dímon og þúlkast fullorðinna hefur komið sterkt inn.

Ástþór er þeirrar skoðunar að framboð og fjölbreytileiki á íþróttum sé gott, en líka að það sé betra að bjóða upp á færri greinar og gera það vel, heldur en að bjóða upp á ótal greinar en gera það með hálfum hug.

Íþrótt- og ungmennafélög eru að Ástþórs mati ein af innviðum samfélagsins.

„Þegar fólk velur sér stað til að búa á og ala upp börnin sín þá er öflugt íþrótt- og æskulýðsstarf eitt það fyrsta sem horft er til. Ungmennafélagið Hekla er þannig félag að eins og staðan er

í dag klárar svo gott sem enginn nemandi grunnskóla á Hellu án þess að hafa á einum eða öðrum tímupunkti tekið þátt í starfi Umf. Heklu á einn eða annan hátt. Fyrir mér er það mikilvægt samfélaginu og mikilvægt að þeir sem standa að rekstri íþróttafélaga standi undir þessu mikilvægi og þessari ábyrgðarstöðu.“

Framtíðarhorfur áframhaldandi uppbygging

Ástþór segir framtíðarhorfur félagsins vera áframhaldandi uppbyggingu.

„Líkt og hefur verið rakið þá hefur verið farið í gríðarlega vinnu við að gera rekstrareininguna Umf. Heklu stöðuga og nú er allur grunnur til staðar til þess að efla íþróttastarfið enn frekar.“

Framtíðarsýnin er að viðhalda og bæta það starf sem nú þegar er í boði, en einnig hefur verið rætt um mikilvægi þess að þjónusta fleiri hópa, til dæmis framhaldsskólanemendur.

„Það er allt of oft hugarfarið með lítil félög að við eigum bara að ala iðkendurnar upp og þegar fram líða stundir geti þau iðkað íþrótt sína hjá stærri félögum. Þar finnst mér vanta meiri framtíðarhugsun því að iðkendur sem eru að klára grunnskóla þurfa að hafa eitthvað til að stefna að, einhverjar fyrirmyndir. Þá snýst starfið okkar ekki bara um það að ala upp íþróttamenn heldur einnig hjálfa, dómara og stjórnarfólk og það er mín skoðun að það sé erfiðara að ætla sér að ala upp framtíðarfólk í hreyfingunni ef að við hættem að þjónusta þau við 16 ára aldur,“ segir Ástþór að lokum.

EHI



Hannyrðahornið

Sumarpeysan Árný

Uppskrift:
Bobbýjardætur / bobby.is

Stærðartafla

Athugið að fólk er allskonar og því gott að taka mál áður en hafist er handa. Það má líka stækka eða minnka peysuna með því að gera færri eða fleiri laska útaukningar, ath ef stækkað, gæti þurft meira garn!

Stærðir	XS-S	M	L-XL
Ummál	88-90 cm	100-102 cm	110-113 cm
Lengd á bol	30 cm	30-32 cm	35 cm

Garn

1 þráður Titicaca frá Holst
1 þráður Coast frá Holst
1 þráður Cocktail deluxe frá Go Handmade (notað í rendur)
Garnið fæst hjá bobby.is og Bobby Hveragerði.

ATH!

Titicaca og Coast er þrjónað saman tvöfalt.
Cocktail er þrjónað einfalt.

Stærðir	XS-S	M	L-XL
Titicaca	50 gr.	100 gr.	100 gr.
Coast	50 gr.	100 gr.	100 gr.
Cocktail	50 gr.	50gr.	100 gr.

Þrjónfesta er ca 7 lykkjur á 10 cm í sléttu þrjóni á 8 mm þrjóna

ÞAÐ SEM ÞARF:

Hringþrjónar 6 mm, 40
Hringþrjónn 8 mm, 40 og 60-80 cm
Stoppunál til að ganga frá endum

TÆKNIUPPLÝSINGAR:

Þetta er létt peysa sem hentar vel við kjól, sparibuxur og eða gallabuxur.

Peysan er þrjónuð í hring eftir að I-cord snúra hefur verið gerð, sem myndar hálsmál.

Peysan er þrjónuð með einum þræði af Titicaca og einum þræði af Coast saman.

Cocktail garnið er notað einfalt.

Peysan er þrjónuð frá háls máli og niður, útaukningar eru gerðar með því að slá uppá þrjóninn sitt hvoru megin við laskalykkjur í annari hvorri umferð þar til að tilskildum lykkjufjölda er náð, þá er stykkinu skipt upp í ermar og bol.

Rendurnar með Cocktail garninu eru val hvers og eins, við höfðum ca 10 cm á milli þeirra eða 16 – 17 umferðir á milli og gerum 4 umferðir af Cocktai garninu, ef ákveðið er að hafa meira af röndum þarf mjög líklega meira af garninu en gefið er upp, eins ef röndum er sleppt þarf að athuga með gammagn af Titicaca og Coast

UPPSKRIFT:

Fitjið upp 3 lykkjur á þrjóna nr. 6, þrjónið I-cord snúru 74 umferðir, hér er myndband sem sýnir hvernig snúra er gerð: https://www.youtube.com/watch?v=bud_HKnoIX4

Í síðustu umferð þrjónið þrjár lykkjur saman svo úr



verði ein 1 lykkja. Þrjónið upp lykkjur á hlið snúrunnar þar til að komnar eru 74 lykkjur á þrjóninn.

Tengið í hring og þrjónið áfram með 6 mm þrjóninum 2 umferðir, í seinni umferðinni setjið þið niður laskalykkjurnar, svona:

Umferðin byrjar á miðju baki, þrjónið 13 lykkjur, hálf bak, setjið þrjónamerki nr 1 í næstu lykkju, þrjónið 8 lykkjur, axlastykki, setjið þrjónamerki 2 í næstu lykkju, þrjónið 27 lykkjur, framstykki, setjið þrjónamerki nr 3 í næstu lykkju, þrjónið 8 lykkjur, setjið þrjónamerki nr 4 í næstu lykkju, þrjónið 14 lykkjur.

Nú hefst útaukning við allar laskalykkjurnar og um leið er skipt yfir á 40 cm. 8 mm þrjón. Aukið út í annarri hverri umferð:

Umferð 1

Þrjónið 13 lykkjur, (hálf bak) sláið uppá þrjóninn, þrjónið laskalykkju, sláið uppá þrjóninn. Þrjónið 8 lykkjur, (Axlastykki) sláið uppá þrjóninn, þrjónið laskalykkju, sláið uppá þrjóninn. Þrjónið 27 lykkjur (framstykki) sláið uppá þrjóninn, þrjónið laskalykkju, sláið uppá þrjóninn. Þrjónið 8 lykkjur (Axlastykki) sláið uppá þrjóninn, þrjónið laskalykkju, sláið upp á þrjóninn. Þrjónið 14 lykkjur (hálf bak).

Umferð 2

Þrjónið allar lykkjur slétt. Þessar útaukningar eru endurteknar 15 – 16 – 17 sinnum, það er auðvelt að telja götin sem myndast við laskana til að sjá hversu oft er búið að auka út. Skiptið yfir á lengri þrjón 8 mm þegar ykkur hentar. Það ættu að vera 194 – 202 – 210 lykkjur á þrjóninum við lok útaukningar.

STYKKI SKIPT UPP Í ERMAR OG BOL:

Laskalykkjur fylgja bol þegar skipt er upp Þrjónið hálf bak og laskalykkju, setjið ermalykkjur 38 – 40 – 42 á snúru/band og geymið.

Fitjið upp 8 – 10 - 12 lykkjur undir ermi og þrjónið laskalykkju, framstykki og laskalykkju, setjið seinni ermina á band/snúru og fitjið upp 8 – 10 - 12 lykkjur undir ermi, þrjónið seinni helming baks ásamt síðustu laskalykkjunni.

Nú ætti að vera 134 – 142 – 150 lykkjur á bolnum

BOLUR:

Bolur þrjónaður í hring þar til hann mælist ca. 26 -29 – 32 cm eða eins og þið viljið hafa hann.

Athugið að flíkin er laust þrjónuð og lengist aðeins við þvott!

I-cord affelling:

Þegar lengd á bol er náð, er gerð I-cord affelling, gott að nota þrjón 6 mm sem notaður var í snúruna fyrir háls málið.

Aðferð við Icord afellingu:

Þrjónið 2 lykkjur, setjið þær aftur yfir á vinstri þrjón, þrjónið eina lykkju framan í hana og takið svo saman seinni lykkjuna og eina af stykkinu, þrjónið þær saman með því að fara aftan í þær, setjið lykkjurnar tvær aftur yfir á vinstri þrjón og endurtakið þetta þar til búið er að þrjóna allar lykkjurnar á stykkinu, slítið frá og dragið spottann í gegnum síðustu tvær lykkjurnar.

ERMAR:

Umferð byrjar undir miðri ermi!

Takið upp helming 4 – 5 – 6 lykkjur, alltaf gott að taka upp eina auka í kverkinni og setjið líka á þrjóninn allar ermalykkjurnar, 1 auka í kverkinni og síðustu 4 – 5 – 6 lykkjurnar sem búnar voru til.

Setjið þrjónamerki við upphaf umferðar.

Ermalykkjur ættu að vera 46 – 50 - 54

Ef teknar voru upp aukalykkjur eru þær þrjónaðar saman með fyrstu og síðustu lykkju á erminni.

Þrjónið ermina þar til að hún mælist ca 38 – 41 – 44.

ATH! Ermin lengist í þvotti eins og öll peysan

Fellið af eins og á bol með I-cord affellingu

FRÁGANGUR:

Gangið vel frá öllum endum.

Þvoið flíkina í höndum upp úr ullarsápu og skolið.

Kreistið mesta vatnið úr flíkinni, gott að nota handklæði til þess.

Leggið til þerris á handklæði.

Takk fyrir að kaupa uppskriftina okkar

Okkur þætti vænt um að ef þú setur þetta á samfélagsmiðla að merkja okkur í póstinum @bobbyjardætur

Uppskriftin er eign Bobbyjardætra og ekki er leyfilegt að dreifa henni eða afrita nema til eigin nota

Ef aðstoðar er þörf hafið samband við okkur í tölvu-
pósti info@bobby.is

Bobbýjardætur



BOBBÝJARDÆTUR

Breiðumörk 13, Hveragerði - Sími 774 2324
info@bobby.is - www.bobby.is

NÆSTU
ÚTGÁFUR

Föstudagur
25. apríl

Auglýsingaskil
fyrir hádegi 22. apríl

Miðvikudagur
30. apríl

Auglýsingaskil
fyrir hádegi 28. apríl

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUBURLANDS

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUBURLANDS

Menningarævintýri á Suðurlandi um páskana

Á Suðurlandi er úrval spennandi safna og sýninga þar sem hægt er að glöggva sig á sögu fólksins í landshlutanum, fræðast um eldvirknina á svæðinu og njóta menningar og listar. Er ekki tilvalið að drekka í sig sunnlenska menningu í páskafríinu?

Markaðsstofa Suðurland hefur tekið saman menningarstaði sem hægt er að heimsækja um páskana.

Jarðhitasýning ON í Hellisheiðarvirkjun býður gestum tækifæri til að kynna jarðvarma og sjálfbærri orku á Íslandi. Sýningin er staðsett í einni stærstu jarðhitavirkjun heims, umkringd stórbrotinni íslenskrí náttúru með mosa og hrauni.

Gestir fá innsýn í hvernig jarðvarmi er nýttur til framleiðslu á rafmagni fyrir landið og heitu vatni fyrir höfuðborgarsvæðið. Sýningin er gagnvirk og fræðandi og kynnr meðal annars samstarf við Carbfix, sem þróar leiðir til að breyta CO₂ í stein til að sporna við loftslagsbreytingum.

Jarðhitasýningin er opin klukkan 9-17 alla daga í páska- vikunni.

Listasafn Árnesinga er sannkölluð menningarperla í Hveragerði. Þar eru settar upp metnaðarfullar sýningar innlendra og erlendra listamanna, og hefur safnið verið í samstarfi við önnur söfn um árabíl. Sýningarstefnan er margbreytileg en oft með skírskotun í Suðurlandið.

Listasafnið er opið klukkan 12-17 alla daga í páska- vikunni, nema á mánudögum.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er einn merkasti sögustaður Íslands, þar sem Alþingi var stofnað árið 930 og starfaði í nærri 900 ár. Svæðið er einnig þekkt fyrir einstaka jarðfræði, þar sem Norður Ameríku- og Evrasíuflekarnir mætast og mynda stórbrotið landslag.

Þjóðgarðurinn hefur komið



á fót **Gestastofu** á Haki. Gestastofan hýsir gagnvirka sýningu sem kallast Hjarta lands og þjóðar þar sem gestir geta fræðst um sögu Alþingis, stjórnarhætti og náttúruundur Þingvalla á fjölbreyttan og lifandi hátt.

Gestastofan er opin klukkan 9-18 alla daga í páska- vikunni.

Skálholt er einn merkasti sögustaður Íslands með djúpa tengingu við þjóðina. Þar var eitt af tveimur biskupssetrum landsins og þar var miðstöð kristni, menntunar, menningar og stjórnsýslu frá 11. öld til ársins 1796. Í Skálholti störfuðu margir af fyrstu biskupum Íslands.

Skálholt býður upp á leiðsagnir allan ársins hring undir stjórn kirkjuvarða, sem veita gestum áhugaverða fræðslu.

Skálholt er opið klukkan 9-18 alla daga í páska- vikunni.

Dýragarðurinn Slakki er notalegur húsdýragarður staðsettur í Laugarási í Biskups- tungum. Hann er vinsæll áfangastaður fyrir fjölskyldur sem vilja njóta samveru með dýrum í fallegu sveitumhverfi.

Slakki er opnar á Skírdag eftir vetrarlokun og verður opin klukkan 11-18 alla daga eftir það í páska- vikunni.

Sólheimar eru einstakt sjálfbært samfélag í Grímsnesi. Þeir

eru þekktir fyrir umhverfisstefnu og sjálfbærni. Samfélagið leggur áherslu á vistvæna framleiðslu og hringrásarhagkerfi.

Fjölbreytt starfsemi fer fram á Sólheimum svo sem rekstur skógræktar- og garðyrkju- stöðva sem báðar stunda lífræna ræktun. Einnig eru á staðnum bakarí, matvinnsla, verslun, listhús, kaffihús og gistiheimili.

Opið er í Sólheimum klukkan 11-16 alla daga í páska- vikunni, nema á páska- dag.



Heimsókn á **Byggðasafn Árnesinga** er eins og að stíga um 150 ár aftur í tímann í fallega sjávarþorpinu á Eyrarbakka. Safnið hefur það mikilvæga hlutverk að varðveita sögulegar minjar um atvinnuhætti, menningu og daglegt líf í Árnessýslu. Byggðasafnið er opið klukkan 13-17 alla daga í páska- vikunni.

Húsið, aðalbygging safnsins, er kaupmannshús byggt árið 1765 og eitt elsta íbúðarhús landsins. Þar er sýnt hvernig verslunarstaðurinn Eyrarbakki gegndi lykilhlutverki í viðskiptum og menningu á landsvísi með áherslu á búnað, listmuni og innflutningsvörur frá liðinni tíð.

Sjóminjasafnið segir sögu sjósóknar á Suðurlandi, með áherslu á áraskipið Farsæl, búnað sjómanna og þróun fiskveiða í gegnum aldirnar. Sýningin gefur innsýn í harðan veruleika sjómennsku á árum áður.

Kirkjubær, íbúðarhús frá 1920, dregur upp mynd af heimilshaldi og lífi fjölskyldu á Eyr-

arbakka snemma á 20. öld. Þar má sjá upprunalegan húsbúnað, fatnað og hluti úr daglegu lífi sem hjálpa gestum að stíga inn í gamla tíma.

Eggjaskúrinn, sem hýsir náttúrusýningu, geymir fjölbreytt safn fuglaeggja og uppstoppaðra fugla sem Peter Nielsen faktor safnaði kringum aldamótin 1900. Sýningin vekur athygli á náttúrufræði og áhuga liðinna kynslóða á lífríki Íslands.



Við sjávarþorpið Eyrarbakka stendur hið tígulega hús **Bakkastofa**. Þar bjóða hjónin Ásta Krístrún Ragnarsdóttir og Valgeir Guðjónsson gestum í frásagna- og tónlistarveislu.

Hjónin leiða saman hesta sína á Bakkastofu með sögu Íslendinga og þorpið Eyrarbakka í forgrunni. Gestarýmið á Bakkastofu er einstaklega hlýlegt, búið glæsilegum húsbúnaði í gömlum stíl. Ásta og Valgeir bjóða gestum ýmist á Bakkastofu, í Húsið eða á veitingastaðinn Rauða húsið.

Valgeir heldur tónleika í Dómkirkjunni þann 17. apríl og Eyrarbakakirkju þann 19. apríl ásamt Joel Durksen gítarleikara og Krístrúnu Steingrímsdóttur söngkonu. Hægt er að nálgast miða á tix.is.

Í gamla þorpinu á Stokkseyri er menningarhúsið **Brimrót**. Þar er notalegt rými þar sem rithöfundar, listamenn og gestir koma saman.

Brimrót hýsir blómlega menningarviðburði, svo sem bókaupplestra, listsýningar, tón-

leika og vinnustofur.

Í Brimrót verður borðspilastund á sumardaginn fyrsta, 24. apríl, klukkan 13-17.

Á **Veiðisafninu** á Stokkseyri geta gestir kynnst veiðimenningu og dýrategundum frá Íslandi, Grænlandi og Afríku. Safnið var stofnað árið 2004 af Páli Reynissyni og markmiðið að miðla veiðipekkingu og gefa áhugasömum kost á að skoða ýmsar dýrategundir í návígi.

Veiðisafnið er opið klukkan 11-18 alla daga í páska- vikunni.

Hespuhúsið er heillandi handverkssetur staðsett í sveitum Ölfuss, rétt utan við Selfoss. Þar geta gestir skyggst inn í heim jurtaletunar, þar sem íslensk ull er lituð með náttúrulegum litarefnum sem eru unnin úr plöntum, mosa, berjablöðum og jafnvel sveppum, allt úr íslenskrí náttúru.

Hespuhúsið var stofnað af Jóhönnu Ernu Guðrúnardóttur sem hefur í áratugi unnið að varðveislu og miðlun íslensks handverks og hefða. Á vinnustofunni er lögð áhersla á sjálfbærni, náttúruleg hræfni og visku eldri kynslóða. Það skín í gegn í öllu ferlinu, frá uppskeru plantnanna til lokaafurðarinnar; mjúkrar, jurtaletaðrar hespu af ull sem endurspeglar líti náttúrunnar.

Hespuhúsið er opið klukkan 10-17 alla daga í páska- vikunni, nema á páska- dag.

Á **Sviðinu** á Selfossi fara fram spennandi viðburðir, þar á meðal tónleikar, leiksýningar, party og aðrir menningarviðburðir. Á miðhæð Friðriksgáfu er skemmtistaðurinn Miðbar, sem býður upp á skemmtilegt andrúmsloft og fjölbreytta afþreyingu.

17. apríl verður Mamma Mia party á Sviðinu og þann 19. apríl verða fjölskyldutónleikar að deginum og partytónleikar um kvöldið með Herra Hnetusmjóri.

Fischeretrið á Selfossi, er einstakt safn tileinkað einum frægasta skákmanni allra tíma Bobby Fischer, heimsmeistara í skák. Safnið er staðsett í nálægð við kirkjugarðinn þar sem Fischer hvílir og býður gestum að kynna ótrúlegu lífi hans í heimi skáklistarinnar.

Safnið inniheldur fjölbreyttar sýningar sem segja frá ævi og ferli Fischers með áherslu á tímamótaviðureign hans við Boris Spassky árið 1972, viðureign sem breytti ekki aðeins skáksögunni heldur hafði einnig pólitísk áhrif á tímum kalda stríðs. Á safninu má finna persónulega muni Fischers, skákborð og rit, ljósmyndir og fjölmörg miðlaefni tengt ævi hans.

Hægt er að heimsækja Fischeretrið með því að hafa samband í síma: 894 -1275.



Skyrland er upplifunarsýning í Mjólkurbúinu á Selfossi. Þar eru gestir leiddir í gegnum þúsund ára sögu íslenska skyrins á gagnvirkan hátt. Skyrrið hefur fylgt þjóðinni frá fyrstu landnámsárum og gegnt mikilvægu hlutverki í daglegu lífi Íslendinga, bæði sem næringarríkur matur og hluti af menningararfi þjóðarinnar.

Skyrland er opið klukkan 10-18 alla daga í páskavíkunni, nema á páskadag.

Í sveitasælu Flóahrepps leynist **Gallery Flói** þar sem listakonan Fanndís vinnur með gler sem hún bræðir og formar yfir opnum eldi í glerperlur og aðra listmuni.

Gallery Flói er ekki einungis verslun og vinnustofa heldur lifandi rými þar sem gestir fá að skyggast inn í sköpunarferlið sjálft og tengjast listinni beint. Hver hlutur er einstakur, með sína eigin sögu, og engin heimsókn er eins.

Galleríið verður opið á skírdag og föstudaginn langa klukkan 10:00 - 16:30 og laugardaginn fyrir páska klukkan 10:00 - 16:00.



einar hefðbundinn búskap og nýsköpun í ullariðnaði.

Í Uppspuna er garn spunnid úr ull beint frá býli. Garnið fæst í náttúrulegum sauðalitum og er einnig litað með jurtum eða litadufti. Allt vinnuferlið byggir á sjálfbærum og umhverfisvænum aðferðum, þar sem ekkert hráefni fer til spillis. Verksmiðjan nýtir tólf ólíkar vélar sem fullvinna ullina af nákvæmni.

þar sem tónlist, list, samvera og sköpun fá að blómstra í hlýlegu umhverfi. Allt árið um kring eru þar haldnir fjölbreyttir viðburðir sem höfða jafnt til heimamanna og gesta.

Midgard Adventure verður 15 ára þann 16. apríl. Áfanganum verður fagnað með fjölbreyttum viðburðum allt árið, en fyrsta afmælisdagskráin fer fram einmitt á afmælisdaginn. Hátíðin hefst kl. 16:00 með opnu húsi og afmælisökku þar sem gestir geta kíkt við, hitt starfsfólkið og fengið sér sætt og gott. Þá tekur við létt og skemmtilegt pub quiz, og að því loknu byrjar tónlistaveisla með Vinum Midgard. Frítt inn.

Skógasafn er eitt stærsta minjasafn Íslands. Það varðveitir ríkulegan menningararf Rangæinga og Vestur-Skaftfell-inga, allt frá landnámi til samtímans, og býður gestum upp á einstaka sýn inn í íslenskt samfélag.

Byggðasafnið: Þar má finna yfir 18.000 muni sem tengjast daglegu lífi, atvinnuháttum og menningu fyrri kynslóða. Þar eru meðal annars gripir sem tengjast landbúnaði, sjósókn, handverki, vefnaði, tónlist og trúarbrögðum sem veita dýrmætan skilning á lífsháttum Íslendinga í gegnum tíðina. Einnig eru þar einstakar bækur og handrit, þar á meðal Guðbrandsbiblía frá 1584 og fjölmargir munir frá víkingaöld.

Húsasafnið: Á útisvæði safnsins eru endurgerðir á hefðbundnum húsum fyrri tíma. Torfbærir, timburhús, kirkja og gamall skóli mynda heillandi sýningu sem sýnir á einstakan hátt hvernig fólk bjó, vann og lifði í harðbýlu landi. Húsin eru flest frá 19. og 20. öld og voru flutt frá ýmsum stöðum á landinu til varðveislu og sýningar.

Samgöngusafnið: Þar er sögu íslenskra samgangna gerð góð skil. Þar má finna fornþíla, mótórhjól, dráttarvélar, gömul vegagerðartæki, sleða, fjar-skiptabúnað og margt fleira sem sýnir þróun tækni og samgangna frá 19. öld til dagsins í dag.

fá innsýn í jarðfræði og áhrif eldgosa á landslag Íslands.

Sýningar hjá Lava Show í Vík verða klukkan 11-13-15-17-19 alla daga í páskavíkunni.

Skaftárstofa er gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir vestursvæði hans og staðsett rétt við Kirkjubæjarklaustur. Hún er mikilvægur upplýsingavettvangur fyrir ferðalanga sem vilja kynnast náttúru og sögu svæðisins, og veitir innsýn í eitt áhrifamesta eldfjalla- og jökulsvæði Íslands.

Gestir Skaftárstofu fá þar upplýsingar um náttúrufræði á borð við Lakagíga, Eldgjá og Langasjó, sem öll eru þekkt fyrir jarðfræðileg sérkenni og stórbrotið landslag. Þar er einnig hægt að fá leiðsögn um gönguleiðir, veðurfarsaðstæður, aðgengi og öryggismál, allt sem skiptir máli þegar lagt er upp í ferð í íslenska náttúru.

Skaftárstofa er opin klukkan 9-16:30 alla daga í páskavíkunni.

Skaftafellsstofa er opin allan ársins hring og veitir gestum fræðslu og upplýsingar um svæðið við Vatnajökul.

Vatnajökull er stærsti jökull Íslands og sá næststærsti í



Þingborg Ullarverslun er einstakur staður fyrir þau sem hafa áhuga á íslensku ull, handverki og menningararfi. Verslunin hefur verið staðsett í gamla samkomuhúsinu Þingborg og rekin af heimafólki síðan 1991.

Í Þingborg má finna úrval af lopapeysum, þrjónavörum, teppum, gærum og lopa úr sérvalinni lamsull. Verslunin leggur áherslu á gæði og hefðir, þar sem ullin er bæði náttúrulega lituð og handlituð, og þrjóna-pakkningar og uppskriftir eru hannaðar af Þingborgarkonum.

Þingborg er opin klukkan 10-17 alla daga í páskavíkunni, nema á föstudaginn langa og páskadag.

Uppspuni er fyrsta smáspunaverksmiðja landsins og sannkölluð perla fyrir alla sem unna íslensku ull, sjálfbærni og handverki. Verksmiðjan er staðsett í blómlegri sveit rétt austan við Þjórsárbrú. Þar hafa hjónin Hulda Brynjólfssdóttir og Tyrtingur Sveinsson byggt upp fjölskyldufyrirtæki sem sam-

Uppspuni er opin alla virka daga klukkan 9:30-15 og á laugardaginn fyrir páska klukkan 10-13, lokað á föstudaginn langa og páskadag.

Hellarnir við Hellu eru ævafornir, manngerðir hellar og má með sanni segja að fundur þeirra hafi ögrað fyrri hugmyndum um landnám Íslands.

Tólf fornir hellar hafa fundist í landi Ægissíðu við Hellu og er hægt að skoða nokkra þeirra í fylgd leiðsögumanns. Hellarnir eru friðlýstir og innihalda stórmerka krossa, gamlar veggjaristur, myndir, syllur og innhöggvin sæti.

Hellarnir eru opnir alla daga í páskavíkunni og ferðir eru klukkan 10-12-14, leiðsögn fer fram á ensku.

Midgard Base Camp á Hvolsvelli er ekki aðeins gisti- og ævintýrasetur, heldur lifandi vettvangur fyrir menningu og mannlíf þar sem viðburðir skipa stóran sess. Á Midgard skapast einstakt andrúmsloft

Skógasafn er opið klukkan 10-17 alla daga í páskavíkunni, nema á páskadag.

Kötlusetur er menningar- og fræðlusetur í hjarta Víkur. Þar má fræðast um kraftmikil náttúruöfl og sögu fólksins á svæðinu. Setrið er staðsett í hinu sögufræga húsi Brydebúð og gegnir einnig hlutverki upplýsingamiðstöðvar Kötlu jarðvangs.



Kötlusetur er opið klukkan 12-17 alla daga í páskavíkunni, nema á föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum.

Lava Show er einstök og verðlaunuð sýning sem býður gestum að upplifa raunverulega hraunrennsli í öruggu umhverfi innandyra.

Í sýningunni er hraun hitað upp í allt að 1100°C (2000°F) og látið renna yfir sérstakt yfirborð, sem gerir gestum kleift að sjá, heyra og finna fyrir hita hraunsins. Þessi sýning er ekki aðeins sjónræn upplifun heldur einnig fræðandi, þar sem gestir

Evrópu. Hann þekur um 8% af flatarmáli landsins og nær yfir mörg eldfjöll, dali og ótrúlega fjölbreytt landslag.

Í Skaftafellsstofu eru upplýsingar um jarðfræði og náttúru í Skaftafelli. Sýnd er mynd um suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og einnig er hægt að skoða muni úr orlagaríkum leiðangri breskra háskólastúdenta árið 1952.

Skaftafellsstofa er opin klukkan 9-17 alla daga í páskavíkunni.



Burðumst flest með innkaupapoka allt okkar líf

Leikritið Innkaupapokinn eftir leikhópinum Kriðpleir hefur verið sýnt á fjöllum Borgarleikhússins við góðar undirtektir. Leikritið er byggt á sögunni Mundu töfrana eftir Elísabetu Jökulsdóttur. Elísabet, sem býr í Hveragerði, segir það æðislega tilfinningu að leikrit sé gert upp úr verki hennar.

Var 30 ár að skrifa verkið

Verkið sjálft Mundu töfrana er ekki mjög langt en Elísabet var þó lengi að skrifa það, eða um 30 ár. „Ég skrifaði það með einhverju öðru af því ég er búin að

gefa út um 30 bækur meðfram en ég var alltaf að skrifa þetta leikrit,“ segir Elísabet í samtali við Dagskrána.

Aðspurð að því hvernig það kom til að þetta leikrit var sett upp segist Elísabet vera náskyld Ragnari Ísleifi Bragasyni, meðlimi Kriðpleirs.

„Hann kom í heimsókn til þess að fá lánaðar hjá mér gesta-bækur ef ég ætti. Þá barst í tal að ég ætti leikritið Mundu töfrana. Ég sagði „af hverju setjið það ekki bara upp?“ og hann sagði „já hvernig væri það?“ Svo tók hann leikritið með sér og ætlaði

að athuga hvernig hin í hópnum tækju í það. Þeim leist vel á leikritið og sóttu um og fengu 18 milljónir til þess að setja það á svið. Það var æðislegt,“ segir Elísabet stolt.

Leitin að barninu

Mundu töfrana er um litla stelpu sem missir pabba sinn. Í kjölfarið felur hún sig í garði og grætur ekki af því hún vill ekki horfast í augu við missinn. Svo er hún allveg að deyta í garðinum. Hún er bara sjö ára en samt eru liðin 30 ár. Þá kemur Ella, sem er hennar ædra sjálf, og bróðir hennar og þau fara að leita að tári til að færa barninu í garðinn svo það geti grátið og losnað úr álgum sorgarinnar og leyft henni að fljóta í staðinn fyrir að vera föst í garðinum. Þetta er leitin að barninu að sögn Elísabetar.

Innkaupapokinn er bæði gamanleikur og harmur. Sex leikarar eru í verkinu og snýst fyrri partur þess um það hvernig þau geti sett Mundu töfrana á svið og þau vita ekkert hvernig þau eiga að fara að því. Í seinni



hluta leika þau verkið.

Persóna sem er innkaupapoki Nafnið á leikritinu, Innkaupapokinn, kemur frá persónu sem er í verkinu. „Það er persóna í leikritinu sem er innkaupapoki til að sýna raunveruleikann sem við þurfum að kljást við. Það þýðir ekkert að vera í töfraheimi og ævintýrum heldur verðum við að burðast með innkaupapoka allt okkar líf. Þabinn kemur í líki innkaupapoka sem er ákveðinn raunveruleiki,“ segir Elísabet.

Hafa ekki hlegið jafn mikið árum saman

Innkaupapokinn hefur fengið mjög góða dóma. „Fólk segir að það hafi ekki helgið svona mikið árum saman. Þetta verður mjög fyndið hjá þeim, sérstaklega fyrri hlutinn þegar þau eru að reyna að fatta hvernig þau eigi að setja leikritið á svið,“ segir Elísabet að lokum og tekur fram að enn séu nokkrar sýningar eftir í apríl og maí og að fleiri verði bætt við í haust ef aðsókn er góð.

EHI



Verðkönnun vegna byggingar húsnæðis

Björgunarfélagið Eyvindur á Flúðum og Brunavarnir Árnassýslu hafa í hyggju að byggja húsnæði undir starfsemi sína að lðjuslóð 7–9 á Flúðum.

Leitað er eftir verktaka með góða reynslu af uppsetningu og byggingu stærri mannvirkja.

Gerð er krafa um reynslu af sambærilegum verkefnum.

Verðkönnunin nær til eftirfarandi verkþátta:

Lauslegt yfirlit yfir verkið:

- Smíði og frágangur sökkla samkvæmt nánari lýsingu
- Gerð botnplötu með frágangi samkvæmt nánari lýsingu
- Reising hússins og fullnaðarfrágangur að utan samkvæmt nánari lýsingu
- Frágangur eldvarnaveggja samkvæmt teikningum og frágangur millilofts.

Framkvæmdatími:

Jarðvinnu verður lokið í lok maí 2025 og getur vinna við sökkla og plötu þá hafist í framhaldi.

Gert er ráð fyrir að allt byggingarefni hússins, gluggar, hurðir og annað sem við á, verði komið á verkstað fyrir lok ágúst 2025 og að vinna geti hafist í framhaldi.

Áætlað er að frágangi hússins verði lokið í desember 2025.

Gögnum skal skilað til Brunavarna Árnassýslu fyrir kl. 14:45 þann 2. maí 2025.

Lárus Kristinn Guðmundsson,
Brunavarnir Árnassýslu
larus@babubabu.is

Óskar Rafn Emilsson,
Björgunarfélagið Eyvindur
midhof8@simnet.is

Björgunarfélagið Eyvindur

Þeir sem vilja senda gögn í bréfpósti geta sent á Brunavarnir Árnassýslu, Árvegi 1, 800 Selfoss

Tölum saman - Átak gegn félagslegri einangrun

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið stendur nú fyrir átaksverkefni gegn félagslegri einangrun undir yfirskriftinni Tölum saman. Með henni vilja stjórnvöld vekja athygli almennings á því hve alvarleg félagsleg einangrun er og hvernig við getum öll verið hluti af lausninni. Ýmis ráð eru til að rjúfa félagslega einangrun, hvort sem er fyrir þau sem eru félagslega einangruð eða fólkið í kringum þau – og hefur eftirspurn verið mikil eftir fræðsluefninu sem nálgast má á island.is/felagsleg-einangrun.

Tengiráðgjafar

Eitt af þeim úrræðum sem eru í boði vítt og breitt um landið er þjónusta tengiráðgjafa, en þeir veita eldra fólki og öðrum viðkvæmum hópum stuðning til að rjúfa félagslega einangrun og finna leiðir til að auka virkni. Tengiráðgjafinn í Árborg og Hveragerðisbæ heitir Bylgja Sigmarsdóttir og hægt er að hafa samband við hana í gegnum netfangið bylgjas@arborg.is

Tengiráðgjafar nálgast einstaklinga sem eru félagslega einangraðir eða eiga á hættu að einangrast, meðal annars með símtölum og heimsóknum og vinna með þeim að leiðum til að auka virkni. Tengiráðgjafar hafa einnig yfirsýn yfir bjargir nærsamfélagsins, sérstaklega þau úrræði sem eru líkleg til að auka félagsleg samskipti viðkvæmra hópa. Um tveggja ára til-

raunaverkefni er að ræða sem fór af stað hjá stjórnvöldum sem viðbragð við félags- og heilsufarslegum afleiðingum Covid-19 heimsfaraldursins.

Tengiráðgjafarnir hafa þegar verið í samskiptum við fjölda íbúa og þau sem sinna þjónustu við hópinn á sínum svæðum.

Félagsleg einangrun er þögl og ógn

Inga Sæland, félags- og húsnæðismálaráðgjafi, segir að markmið vitundarvakningarinnar sé að opna augu fólks fyrir félagslegri einangrun í samfélaginu og vekja athygli á samfélagslegri ábyrgð okkar allra.

„Sem ráðherra félags- og öldrunarmála þá er það eitt af mínum hjartans málum að vinna gegn þeirri þöglu ógn sem einmanaleiki og félagsleg einangrun eru,“ segir hún.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur skilgreint félagslega einangrun sem lýðheilsuvanda til jafns við reykingar, ofneyslu áfengis, offitu og fleiri stórfelldar ógnir við almenna heilsu. WHO telur að um eitt af hverjum tíu ungmennum upplifi félagslega einangrun og um fjórðungur eldra fólks.



Fornleifauppgröftur og risaeðlur í Vallaskóla

Þemadagar Vallaskóla fóru fram dagana 9. – 11. apríl sl. Þemað að þessu sinni var vísindi. Öllum skólanum var blandað saman á mismunandi stöðvar þar sem unnið var með allt á milli himins og jarðar sem tengist vísindum. Má þar nefna fornleifafræði, geimrannsóknir, sólkerfið, hafið, ferskvatn, lífríki, rafmagn og efnafræði. „Okkur fannst vera skortur á kennslu þar sem krakkarnir eru

að búa til og prófa tilraunir. Þau eru búin að vera að prófa ýmislegt,“ segir Tinna Ýr Einisdóttir, einn skipuleggjanda þemadaganna, í samtali við Dagskrána.

Fyrstu tveir dagarnir fara í vinnu þar sem unnið er að mismunandi sýningum sem var svo opin gestum á síðasta degi. „Þetta voru í rauninni bara fjórar klukkustundir sem krakkarnir unnu í þessu verkefni þannig

að það er alveg magnað að sjá uppskeruna á þessum fjórum klukkustundum sem þau eru búin að vinna,“ segir Tinna. Auk vinnunnar var uppbotr bæða daga þar sem krakkarnir fóru í ljósabolta fyrsta daginn og náttúruþingó þann seinni.

Tinna segir það hafa gengið ótrúlega vel hjá yngri og eldri nemendum að vinna saman. Hóparnir voru 22 en sumar stöðvar unnu að sameiginlegu

verkefni. „Þetta eru svo margar spennandi stöðvar. Krakkarnir vildu svo margir prófa það sama, þannig að við höfðum tvennt af öllu sums staðar,“ segir Tinna.

Mikil ró einkenndi dagana að sögn Tinnu sem kom starfsfólkinu á óvart. „Yfirleitt verða allir æstir og spenntir í svona uppbotri.“

Mikill fjöldi fólks mætti í Vallaskóla til að sjá afrakstur

vinnunnar. Eftir að sýningunni lauk bauð foreldrafélag Vallaskóla upp á skemmtiatriði þar sem Villi vísindamaður kom með vísindasýningu í íþróttasal skólans og tók að henni lokinni tvö lög. Nemendur voru svo sendir sáttir heim í páskafrí.

EHH



Magnús Tryggvason kosinn í stjórn SSÍ og sundfólk heiðrað

Þing Sundsambands Íslands fór fram í Reykjavík 29. mars sl. Þingið fór vel fram undir forystu þeirra Guðmundar Óskarssonar frá Golfklúbbi Keilis og Guðmundu Ólafsdóttur framkvæmdastjóra ÍA. Þátttaka var góð en 40 fulltrúar frá 12 félögum sóttu þingið að þessu sinni.

Formaður SSÍ, Björn Sigurdsson, var endurkjörinn sem formaður til tveggja ára. Viktoría Gísladóttir gaf ekki kost



á sér til áframhaldandi setu í stjórn SSÍ. Nýr stjórnarmaður er Magnús Tryggvason sem kemur af sambandssvæði HSK, en hann hefur verið viðloðandi hreyfinguna í tugi ára.

Góðar og miklar umræður fóru fram um tillögur sem lágu fyrir á þinginu en hápunktur þingsins var veiting heiðursviðurkenninga.

Þrjú einstaklingar voru gerðir að heiðursfélögum SSÍ en það eru þau Eðvarð Þór Eðvarðsson, Guðmundur Gíslason og Hrafnhildur Guðmundsdóttir. Þau tengjast öll sambandssvæði HSK með einhverjum hætti.

Eðvarð Þór Eðvarðsson

hefur sett mark sitt á sundíþróttina um árabíl. Fyrst sem sundmaður en hann byrjaði að æfa sund hjá Njarðvík 8 ára gamall, seinna sem afreksmaður í sundi og síðast en ekki síst sem farsæll þjálfari. Hann hefur verið merkisberi sundíþróttarinnar í Njarðvík og á Íslandi í tæplega 50 ár. Eðvarð Þór státar af ein-

um besta sundferli sem íslenskur sundmaður hefur átt og náð frábærum árangri hér heima og á alþjóðlegum vettvangi. Árið 1986 var hann kjörinn íþróttamaður ársins. Það ár var hann fyrstur íslenskra sundmanna til að komast í úrslit á heimsmeistaramóti í sundi. Hann setti jafnframt Norðurlandamet á mótinu. Árið 1988 komst hann í 16. manna úrslit á Ólympíuleikum. Þá hefur Eðvarð Þór sett fjölda Íslandsmeta á ferlinum. Hápunktur á hans ferli var þegar hann varð í fjórða sæti í 200 m baksundi á EM50 1987, þar setti hann einnig Íslands- og Norðurlandamet í greininni. Þegar keppnisferlinum lauk átti sundíþróttin í heild sinni því láni að fagna að fá Eðvarð til starfa sem þjálfara. Hann hefur verið góð fyrirmynd og afar farsæll þjálfari.

Guðmundur Gíslason

á langan og farsælan feril að baki sem einn af okkar fremstu sundmönnum. Hann var fyrstur



Nýir heiðursfélagar SSÍ. Rangæingurinn Guðmundur Gíslason, Hrafnhildur Guðmundsdóttir í Þorlákshöfn og Eðvarð Þór Eðvarðsson, sem þjálfaði og keppti fyrir Umf. Selfoss 1993-1994.

Íslendinga til að ná þeim ótrúlega árangri að keppa á fjórum Ólympíuleikum, í Róm 1960, Tókýó 1964, Mexíkóborg 1968 og á leikunum í Vestur-Þýskalandi 1972. Hann setti yfir 150 Íslandsmet á ferlinum og náði góðum árangri á alþjóðlegum mótum. Hann var kjörinn Íþróttamaður ársins í tvígang, fyrst árið 1962 og svo aftur sjö árum síðar, 1969. Eftir að hann hætti keppni hefur hann verið hvetjandi og ötull stuðningsmaður sundhreyfingarinnar hér á landi. Hann starfaði með Sundráði Reykjavíkur og Sundsambandi Íslands um árabíl. Hann barðist fyrir betri aðstöðu fyrir sundíþróttina og sat í byggingarnefnd Laugardalslaugarinnar á sjöunda áratugnum.

Hrafnhildur Guðmundsdóttir

er brautryðjandi í íslensku

sundi og ein af fremstu sundkonum sem Ísland hefur alið. Hún keppti fyrir Íslands hönd á tveimur Ólympíuleikum – í Tókýó 1964 og Mexíkóborg 1968 – og varð þar með ein af fyrstu íslensku konunum til að keppa á þessum stærsta alþjóðlegum vettvangi íþróttina. Hún var margfaldur Íslandsmeistari, fjölhæf og yfirburða sundkona um langt árabíl, ekki bara hér heima heldur líka á erlendum vettvangi. Hún var fjórum sinnum á lista yfir kjör íþróttamann ársins, 1963, 1964, 1965 og 1968. Eftir að keppnisferlinum lauk helgaði Hrafnhildur sig sundkennslu og þjálfun, lengst af í Þorlákshöfn og á Selfossi. Hún á farsælan þjálfaraferil að baki og þjálfaði hún meðal annars eigin börn sem eins og hún náðu góðum árangri í sundi.

Knattspyrnudeild Selfoss heldur konukvöld

Konukvöld knattspyrnudeildar Selfoss fer fram miðvikudaginn 23. apríl næstkomandi (daginn fyrir sumardaginn fyrsta). Dagskráin er ekki af verri endanum – fordrykkur í boði CCEP, „goodie bag“ fyrir fyrstu 50 sem mæta.

Laufey Guðmunds veislustýrir af sinni alkunnu snilld og heldur uppi gríðarlegri stemn-

ingu, Dísar keyrir upp stuðið og tekur nokkur lög og happdrættið verður á sínum stað með glæsilegum vinningum nú sem áður!

Taktu kvöldið frá, það er frábær skemmtun framundan sem engin ætti að láta fram hjá sér fara! Glæsilegir kynningar- og söluþásar verða á staðnum frá Motivo, H-Verslun og Tilefni.

Miðasala er á www.svidid.is

SKRAUTLISTAR OG RÓSETTUR

GÓLFLISTAR • LOFTALISTAR • LJÓSLISTAR
VEGGLISTAR • VEGGPILJUR

SLIPPFÉLAGIÐ
Austurvegi 58
Selfossi
S: 482 1250

Opið:
8-18 virka daga
10-14 laugardaga
slippfelagid.is



KONUKVÖLD
Knattspyrnudeildar

23. apríl



ALLUR ÁGÓÐI AF KVÖLDINU RENNUR TIL KRABBAMEINSFÉLAGI ÁRNESSÝSLU

HROSSAVEISLA & SKEMMTIKVÖLD

Í HVÍTAHÚSINU



23. APRÍL KL. 19:00 (SÍÐASTA VETRARDAG)

KIWANISKLÚBBURINN BÚRFELL Á SELFOSSI ÁSAMT HVÍTAHÚSINU Á SELFOSSI HALDA HROSSAVEISLU OG SKEMMTIKVÖLD SÍÐASTA VETRARDAG 23. APRÍL

ÞAR KOMA FRAM MEÐAL ANNARS HERMANN ÁRNASON, SÖNGPARIÐ GUÐNÝ LÁRA GUNNARSDÓTTIR OG STEFÁN ÖRN VIÐARSSON OG FL. MÁLVERKA UPPBOÐ, VEISLUSTJÓRI VERÐUR SÖLVI HILMARSSON. Á BOÐSTÓLUM ERU HROSSABJÚGU OG SALTÆÐ HROSSAKJÖT OG TILHEYRANDI MEÐLÆTI. BARINN VERÐUR OPINN.

TAKIÐ FRÁ KVÖLDIÐ KVEÐJUM VETURINN MEÐ STÆL OG STYRKJUM GOTT MÁLEFNI, EN ALLUR ÁGÓÐI RENNUR TIL KRABBAMEINSFÉLAGI ÁRNESSÝSLU.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjud. kl. 14-16
Unga fólkið 18 til 45 ára

Miðvikudaga kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudaga kl. 11-14
Upprekjur

Föstudaga kl. 11-14
Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í annan tíma ef þessir tíma henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

KIRKJUR

Hrepphóllakirkja

Passíusálmalestur á föstudaginn langa 18. apríl kl. 12-16:30. Fjöldi lesara á öllum aldri kemur að lestri allra passíusálma sr. Hallgríms Péturssonar. Orgelspil á milli lestra og kaffiveitingar í safnaðarheimili á meðan á lestri stendur. Verið öll velkomin!

Hrunakirkja

Hátíðarmessa á páskadag 20. apríl kl. 8. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur organista. Morgunkaffi á eftir í safnaðarheimili. Verið öll velkomin!

Stóra-Núpskirkja

Hátíðarmessa á páskadag 20. apríl kl. 11. Tveir piltar verða fermdir í athöfninni. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur. Verið öll velkomin!

Þorlákskirkja

Skírdagur - Fermingarmessa kl. 13:30
Páskadagur -
Hátíðarguðsþjónusta kl. 10:00
Kaffi og páskaegg eftir stundina

Strandarkirkja

Páskadagur -
Hátíðarguðsþjónusta kl. 15:00

Hjallakirkja í Ölfusi

Páskadagur -
Hátíðarguðsþjónusta kl. 13:30

KIRKJUR

Selfosskirkja

Skírdagur 17. apríl
Fermingarmessa kl. 11:00.
Föstudagurinn langi 18. apríl
Krossferli að fylgja þínum kl. 13:00. Leikhópur Félags eldri borgara les valda Passíusálma og Kirkjukórinn syngur föstusálma, organisti Edit A. Molnár. Síðustu orð Krists á krossinum lesin og íhuguð. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.
Páskadagur 20. apríl
Hátíðarmessa kl. 08:00, Kirkjukórinn syngur, organisti Edit A. Molnár, prestur Ása Björk Ólafsdóttir. Morgunkaffi í boði sóknarnefndar í Safnaðarheimilinu eftir messu.

Laugardælakirkja

Skírdagur 17. apríl
Messa kl. 14:00, organisti Guðmundur Eiríksson, prestur Guðbjörg Arnardóttir, almennur safnaðarsöngur.

Eyrarbakakirkja

Skírdagur 17. apríl
Messa kl. 20:00, Kammerkór Eyrarbakakirkju syngur, organisti Pétur Nói Stefánsson, prestur Ása Björk Ólafsdóttir.
Páskadagur 20. apríl
Hátíðarmessa kl. 08:00, Kammerkór Eyrarbakakirkju syngur, organisti Pétur Nói Stefánsson, prestur Gunnar Jóhannesson.

Stokkseyrarkirkja

Páskadagur 20. apríl
Hátíðarmessa í kl. 11:00, Kirkjukórinn syngur, organisti Haukur Arnarr Gíslason, prestur Gunnar Jóhannesson.
Kirkjukaffi í Safnaðarheimilinu á eftir.

Villingaholtsskirkja

Páskadagur 20. apríl
Hátíðarmessa í kl. 11:00, Kirkjukórinn syngur, organisti Guðmundur Eiríksson, prestur Ása Björk Ólafsdóttir.

Hraungerðisskirkja

Annar páskadagur 21. apríl
Hátíðarmessa í kl. 11:00, Kirkjukórinn syngur, organisti Guðmundur Eiríksson, prestur Sólveig Lára Guðmundsdóttir.

Gaulverjabæjarkirkja

Hátíðarmessa í kl. 14:00, Kirkjukórinn syngur, organisti Haukur Arnarr Gíslason, prestur Sólveig Lára Guðmundsdóttir.

Kotstrandarkirkja:

á föstudaginn langa kl. 13 verður gengið frá Hveragerðiskirkju í Kotstrandarkirkju. Í

Kotstrandarkirkju verður helgi-stund kl. 14. Píslarsagan verður lesin og Unnu Birna Björnsdóttir syngur.

Á páskadag er hátíðarguðsþjónusta í Kotstrandarkirkju kl. 11, athugið breyttan messutíma. Kirkjukór Hveragerðis - og Kotstrandarsókna syngur, organisti er Miklós Dalmay og sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar.

Hveragerðisskirkja:

hátíðarguðsþjónusta á páskadag kl. 8. Morgunverður í safnaðarheimilinu á eftir. Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna syngur, Miklós Dalmay leikur á orgelið og sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar.

Spjallar og þjónar til að læra íslensku

Nýverið hófst starfsemi þjónahópsins Spjalla og þjóna á Hvolsvelli, að frumkvæði Hada Kisu sem flutti nýverið til Íslands og vildi leita leiða til að kynna fólk og æfa íslenskuna.

„Ég vinn í sundlauginni á Hellu og spurði samstarfskonu mína sem þjónar líka hvort hún vissi um einhvern þjónaklúbb í nágrenninu,“ segir Hada í samtali við Dagskrána, sem hafði áhuga á að tengjast samfélaginu betur. Þegar í ljós kom að enginn slíkur klúbbur var starfandi, lagði samstarfskonan til að hún stofnaði einn sjálf – og það gerði hún. Markmiðið var að bjóða öðru fólk að vera með sem hefur líka áhuga á að vera hluti af samfélaginu.

Fyrsti fundurinn var haldinn 27. mars og tókst afar vel. „Eftir að ég birti mynd af viðburðinum fékk ég strax skilaboð frá bókasafninu á Hvolsvelli sem bauð okkur að hittast þar – þau voru svo indæll!“ segir Hada.

Viðbrögðin létu ekki á sér standa og höfðu þrjú þjónahópar á Hellu og Hvolsvelli samband. Á fyrsta fundinn mættu þrjár manneskjur – tvær íslenskar og ein norsk – og markmiðið er að

allir, óháð uppruna eða reynslu, geti tekið þátt. „Það er engin krafa um að kunna að þjóna. Ég get kennt fólk og lánað bæði þjóna og garn,“ tekur Hada fram.

Hópurinn hittist annan hvern fimmtudag frá kl. 16:30 til 18:00 á bókasafninu á Hvolsvelli, þegar Hada er ekki á vakt. Þar gefst fólk tækifæri til að njóta samvasta, læra að þjóna og jafnvel íslensku.

„Þetta er frábær leið til að æfa íslensku,“ segir hún. „Ef þú umlykur þig íslenskumælandi fólk lærir þú meira og meira með hverjum degi. Íslendingar eru stoltir af tungumálinu sínu og vilja hjálpa manni ef maður leggur sig fram.“

Aðspurð hvort íslenskan sé erfið svarar Hada því játandi. „Já, mjög krefjandi! En líka skemmtileg. Ég hlæ mikið á meðan ég læri... af hverju breytist hvert orð stöðugt?“

Hada hefur búið á Íslandi í eitt ár og stefnir á að vera hér að eilífu. „Ég er stolt af því sem ég hef lært í tungumálinu og ráðlegg öðrum að byrja á því að fullkomna hreiminn. Það hjálpar mikið!“ segir hún að lokum.





VIÐ ERUM FRAMÚRSKARANDI!



Samkvæmt nýjustu rannsóknum Brandr vísitölunnar þá skorum við frammúrskarandi í samanburði við íslensk fyrirtæki m.a. í þessum þáttum:

- **Reynslumikil á sínu sviði**
- **Gæða þjónusta**
- **Áreiðanleiki**
- **Græn þjónusta**



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límniðar



Stimplar

Lyngháls 1, 110 Rvk ↗ 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss ↗ 482 1944
Glerárgötu 28, 600 Akureyri ↗ 4 600 700

📧 prentmetoddi.is





Tveir nemendur BES í úrslit Pangea-stærðfræðikeppninnar

Tveir nemendur í 8. bekk Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri, Jósúa Eldar Ragnarsson og Óskar Atli Örvarsson, hafa unnið sér sæti í úrslitum Pangea-stærðfræðikeppninnar 2025. Alls tóku 2.289 nemendur í 8. og 9. bekk þátt í keppninni á landsvísi, en aðeins 50 þeirra komust áfram í úrslit, þar á meðal Jósúa og Óskar. Úrslitakeppnin fer fram laugardaginn 17. maí í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Pangea-keppnin er haldin árlega í yfir 20 Evrópulöndum og hefur verið haldin hér á landi frá 2016. Hún er opin öllum nemendum í 8. og 9. bekk og hvetur bæði þá sem eru efni í sterka stærðfræðinga sem og þá sem þurfa hvatningu til að treysta á eigin getu. Fyrsta umferðin er hönnuð til að efla sjálfstraust, en þeir hæstu komast áfram í úrslit þar sem hæfileikar þeirra eru metnir að verðleikum.

gea-keppnin er haldin árlega í yfir 20 Evrópulöndum og hefur verið haldin hér á landi frá 2016. Hún er opin öllum nemendum í 8. og 9. bekk og hvetur bæði þá sem eru efni í sterka stærðfræðinga sem og þá sem þurfa hvatningu til að treysta á eigin getu. Fyrsta umferðin er hönnuð til að efla sjálfstraust, en þeir hæstu komast áfram í úrslit þar sem hæfileikar þeirra eru metnir að verðleikum.



Stíflupjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

Ökukennsla


Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll



LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR



KARL S: 692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM



ALHLÍÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi

Viðgerðir · Þjónusta

Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS



Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki



Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180

Hellismýri 14 - 800 Selfossi



ÖKULAND

Endurmenntun
atvinnubílstjóra

Akstursþjálfun

Meirapróf

okuland.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími



NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is